

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga,
húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir, nr. 183/2020,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „310.000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 340.000 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „7.100.000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 7.700.000 kr.
- c. Í stað orðanna „í janúar ár hvert“ í 2. mgr. kemur: fyrir hverja úthlutun stofnframlaga með hliðsjón af þróun vísitölu byggingarkostnaðar, þróun á gjaldeyrismarkaði, þróun hrávöruverðs og þróun launavísitölu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 10. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga um almennar íbúðir, nr. 52/2016, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 14. september 2022.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.